

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um neytendalán
í eigu Seðlabanka Íslands og dótturfélaga.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hver er fjöldi, kröfuvirði og bókfært virði neytendalána til heimila og einstaklinga sem eru í eigu Seðlabanka Íslands og dótturfélaga, sundurliðað eftir fasteignaveðlánnum, bílálánssamningum og öðrum tegundum, þ.m.t. gengis- eða verðtryggingu?
2. Hver er fjöldi, kröfuvirði og bókfært virði sértryggðra skuldabréfa í eigu Seðlabanka Íslands og dótturfélaga sem tryggð eru með veði í fasteignalánasöfnum í eigu fjármála-fyrirtækja eða sjóða, sundurliðað eftir mótaðilum?
3. Hverjar og hvers konar aðrar kröfur á lánveitendur neytendalána og útlán þeirra til heimila og einstaklinga eru í eigu Seðlabanka Íslands og dótturfélaga, sundurliðað eftir tegund og mótaðilum?
4. Hversu mörgum rétthafabreytingum á veðböndum hefur verið þinglýst vegna fasteignaveðlana neytenda eða sértryggðra skuldabréfa sem Seðlabanki Íslands og dótturfélög hafa eignast?
5. Hverjar eru heildartekjur ríkissjóðs vegna þinglýsingargjalda af rétthafabreytingum á veðböndum húsnæðisveðlana sem Seðlabanka Íslands og dótturfélög hafa eignast?

Skriflegt svar óskast.

